

Dalabyggð
Bogi Kristinsson
Miðbraut 11
370 Búðardalur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. október 2013
Tilvísun: UST20131000012/bs

Lýsing vegna tillögu að breytingu aðalskipulags Dalabyggðar 2004 - 2016. Umsögn


Vísað er til bréfs Dalabyggðar dags. 26 september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.


Í tillögunni felst að gert verður ráð fyrir sorpurðun í landi Höskuldsstaða í Laxárdal, nýrri brú yfir Reykjadalásá og breyttri legu Vestfjarðavegar að brúnni og tilfærslu námu E14 í farvegi Reykjadalásá.

Umhverfisstofnun telur að umrædd lýsing taki til þeirra umhverfisþátta sem mest umáli skipta. Stofnunin vill þó benda á að leita þarf leyfis Fiskistofu vegna framkvæmda í og við farveg Reykjadalásár og að afla þarf starfsleyfis vegna reksturs urðunarstaðar sbr. reglugerð nr. 785/1999 m.s.br.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur